

## **Reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk á þjónustusvæði félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu**

### **1. gr.**

#### **Lagagrundvöllur og málsmeðferðarreglur**

Reglur þessar eru settar á grundvelli 3. mgr. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum og III. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þá voru leiðbeiningar Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk hafðar til hliðsjónar.

Reglur þessar ná til allra sveitarfélaga innan starfsvæðis Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. og gilda um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í umdæmum sveitarfélaganna. Félagsþjónustan ber ábyrgð á akstursþjónustunni á þjónustusvæðinu og hefur framkvæmdarstjóri félags- og skólaþjónustu yfirumsjón með henni.

Um málsmeðferð stjórnssýslumála skv. reglum þessum fer samkvæmt ákvæðum í XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæðum stjórnssýslulaga nr. 37/1993.

### **2. gr.**

#### **Um markmið og þjónustusvæði**

Markmið akstursþjónustu Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsgangur vegna fötlunar, kleift að stunda vinnu, nám, hæfingu, sækja heilbrigðisþjónustu og njóta tómtunda. Haft skal að leiðarljósi við framkvæmd akstursþjónustu að aðstoða fatlað fólk til fullrar þátttöku í samfélaginu og styðja það til sjálfstæðs lífs, eins og kostur er hverju sinni.

Miðað er við að akstursþjónustan sé veitt innan marka þess sveitarfélags þar sem þjónustunotandi á lögheimili en þó er heimilt að víkja frá því í undantekningartilfellum, ef nauðsyn ber til, og sýnt er fram á þörf þjónustunotanda til akstursþjónustu utan lögheimilissveitarfélags.

### **3. gr.**

#### **Um persónulegan talsmann, umboðsmann og lögráðamann**

Njóti umsækjandi aðstoðar persónulegs talsmanns vegna vinnslu umsóknar skv. reglum þessum skal persónulegur talsmaður umsækjanda leggja fram samkomulag við umsækjanda, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Komi umboðsmaður fram fyrir hönd umsækjanda vegna vinnslu umsóknar skv. reglum þessum skal umboðsmaðurinn framvísa skriflegu umboði frá umsækjanda þar sem tilgreint er til hvers umboð hans nær. Undirritun umsækjanda á umboð skal vera vottuð af tveimur vitundarvottum.

Hafi umsækjandi verið sviptur sjálfræði og honum skipaður lögráðamaður kemur lögráðamaður fram fyrir hönd umsækjanda í umsóknarferli og skal lögráðamaður framvísa skipunarbréfi sínu.

Ef umsækjandi er barn að lögum kemur forsjáraðili fram fyrir hönd barnsins við vinnslu umsóknar skv. reglum þessum

#### **4. gr.**

#### **Umsóknir um akstursþjónustu**

Umsókn um akstursþjónustu skv. reglum þessum skal berast Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á skrifstofum sveitarfélaganna á starfssvæði félagsþjónustunnar, á skrifstofu félagsþjónustunnar og á heimasíðu félagsþjónustunnar, [www.felagsmal.is](http://www.felagsmal.is).

Í umsókn skulu koma fram almennar upplýsingar um þjónustunotanda s.s. fötlun, óskir um fjölda ferða og í hvaða tilgangi stendur til að nýta þær. Ef óskað er eftir aksturþjónustu utan lögheimilissveitarfélags umsækjanda skal umsækjandi gera sérstaka grein fyrir nauðsyn þjónustunnar. Með umsókn skal leggja fram gögn þar sem sýnt er fram á að umsækjandi uppfylli skilyrði fyrir því að fá þjónustuna og eftir atvikum önnur gögn sem sýna fram á þörf fyrir akstursþjónustu.

Starfsmaður félagsþjónustu veitir aðstoð við útfyllingu umsóknar og leiðbeinir um nauðsynleg fylgigögn umsóknar. Meðferð umsóknar um akstursþjónustu og öflun upplýsinga skal fara fram í samvinnu og samráði við umsækjanda eftir því sem unnt er og/eða eftir atvikum forsjáraðila, persónulegan talsmann, umboðsmann eða lögráðamann.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður félagsþjónustu bjóða umsækjanda ráðgjöf eftir því sem við á og veitir upplýsingar/leiðbeiningar um réttindi sem umsækjandi kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður félagsþjónustu einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um akstursþjónustu.

#### **5. gr.**

#### **Meðferð umsókna**

Umsókn ásamt fylgigögnum skal lögð fyrir meðferðarfund félagsþjónustu til afgreiðslu. Meðferðarfundur félagsþjónustu ákveður hvort umsókn skuli samþykkt eða hvort henni skuli synjað að hluta eða í heild. Umsókn skal almennt svarað skriflega innan fjögurra vikna frá því að hún berst eða frá því að fullnægjandi upplýsingar/gögn liggja fyrir með umsókn ef það hefur ekki legið fyrir þegar umsókn var skilað. Félagsþjónusta skal tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin um veitingu akstursþjónustu.

Ákvörðun um veitingu akstursþjónustu skal almennt vera tímabundin og skal í ákvörðun gerð grein fyrir þeim fjölda ferða sem samþykktur er, þá skal sérstaklega tilgreint í ákvörðun ef félagsþjónusta lætur reyna á heimild til þess að veita umsækjanda leiðbeiningar og þjálfun til notkunar á almenningssamgöngum samhliða samþykki fyrir akstursþjónustu. Ef fyrirsjáanlegt er að aðstæður umsækjanda um akstursþjónustu munu vera óbreyttar og þörf hans fyrir akstursþjónustu stöðug er heimilt að ákveða að gildistími ákvörðunar sé ótímabundin.

Þegar umsókn um akstursþjónustu fyrir fatlaðan umsækjanda er hafnað í heild eða að hluta skal veita umsækjanda skriflegan rökstuðning fyrir höfnun umsóknar sem uppfyllir skilyrði 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í rökstuðningi skulu tiltekin þau skilyrði sem umsækjandi uppfyllir ekki til þess að fá akstursþjónustu og eftir atvikum gerð grein fyrir þeim megin sjónarmiðum sem voru ráðandi við mat á umsókn. Samhliða höfnun umsóknar skal umsækjanda kynntur réttur til áfrýjunar ákvörðunar innan 4 vikna til stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. Þá skal leiðbeina um rétt til kærú til úrskurðarnefndar velferðarmála innan 3 mánaða frá því að endanleg ákvörðun lá fyrir.

Meðferðarfundur félagsþjónustu getur ávallt vísað umsókn til meðferðar hjá stjórn Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs.

## **6. gr. Skilyrði akstursþjónustu**

Akstursþjónusta fatlaðs fólks er ætluð til afnota fyrir þá íbúa sveitarfélaga innan starfsvæðis Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu sem falla undir skilgreiningu 2. tölul. 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og ekki eiga rétt á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum eða rétt á akstri samkvæmt öðrum lögum, reglugerðum eða reglum. Hafi fatlaður einstaklingur átt rétt til að nota akstursþjónustu fatlaðs fólks fyrir 67 ára aldur á hann rétt á þeirri þjónustu eftir að 67 ára aldri er náð, óski hann þess að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum í reglum þessum.

Umsækjandi um akstursþjónustu skv. reglum þessum skal uppfylla eftirtalin skilyrði til þess að geta öðlast rétt til þjónustunnar.

- Umsækjandi skal eiga lögheimili í sveitarfélagi innan starfsvæðis Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.
- Umsækjandi getur ekki nýtt sér almenningssamgöngur vegna langvarandi fötlunar sinnar þ.e. að hann sé bundinn við hjólastól vegna hreyfihömlunar eða annarrar langvarandi fötlunar sem hefur eða mun standa í 3 mánuði eða lengur.
- Þjónustunotandi á ekki bifreið sem keypt er með styrkjum frá Tryggingastofnun ríkisins.

Félagsþjónustu er heimilt að láta reyna á leiðbeiningar og þjálfun umsækjanda í notkun almenningssamgangna samhliða akstursþjónustu og skal akstursþjónusta skipulögð samkvæmt því.

## 7. gr.

### Ákvörðun um umfang akstursþjónustu

Uppfylli umsækjandi skilyrði 6. gr. fyrir akstursþjónustu skal umfang akstursþjónustu ákveðið með hliðsjón af þörfum, getu og færni umsækjanda og möguleika hans til að nýta sér þjónustu almenningssamgangna og/eða aðra ferðamöguleika. Við mat á umsókn og þörf á akstursþjónustu er einkum stuðst við viðurkennt staðlað mat á þjónustuþörf einstaklings á hverjum tíma, ef slíkt er fyrirbyggjandi. Þá er stuðst við gögn sem að umsækjandi leggur fram, eftir því sem við getur átt, og önnur gögn sem kann að vera aflað við málsmeðferðina.

Almennt skal miðað við að heildarfjöldi ferða hvers þjónustunotanda, í hverjum mánuði, sé ekki meiri en 66 ferðir að jafnaði þ.e. þegar allar ferðir akstursþjónustu eru tiltekna. Ein ferð er í reglum þessum skilgreind sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur á tiltekinn stað og til baka. Ferðir vegna forgangserinda skal almennt samþykkja innan framangreinds hámarksferðafjölda en miða skal við að fylgigögn/upplýsinga með umsókn sýni fram á nauðsyn þjónustunotanda á ferðum. Ef hámarksferðafjöldi er ekki nýttur vegna forgangserinda er heimilt að samþykkja ferðir vegna annarra erinda s.s. tómstunda eða afþreyingar, innan hámarks ferðafjölda, þó aldrei fleiri ferðir en 18 í hverjum mánuði. Við ákvörðun um fjölda ferða til annarra erinda en forgangserinda skal miða við að þær séu nýttar til þess að rjúfa félagslega einangrun. Ferðir til reglulegra og skipulagðra tómstunda ganga fyrir öðrum ferðum.

#### Forgangsferðir eru vegna eftirtalinna erinda:

- Ferðir til og frá skóla (hámark 2 ferðir á dag)
- Ferðir til og frá vinnu (hámark 2 ferðir á dag)
- Ferðir til og frá hæfingu (hámark 2 ferðir á dag)
- Ferðir vegna heilbrigðisþjónustu
- Ferðir vegna matarinnkaupa (hámark 1 ferð í viku)

#### Aðrar ferðir

- Tómstundir (hámark 18 ferðir í mánuði)
- Afþreying (hámark 2 ferðir í mánuði)

Þjónustunotendum akstursþjónustu er heimilt að taka með sér einn aðstoðarmann í hverja ferð og skal upplýst um slíkt í umsókn eða þegar ferð er pöntuð. Ef þjónustunotandi er barn skal barnið vera í fylgd með fullorðnum aðstoðarmanni í hverri ferð. Þurfi barn að nota sérstakan öryggisbúnað í ferðum s.s. bílstól eða sambærilegt, skal barn hafa slíkan búnað meðferðis í ferðir.

Félagsþjónusta mun leitast við að samnýta ferðir eins og kostur er en jafnframt leitast eftir sveigjanleika á fyrirkomulagi þjónustunnar.

#### **8. gr.**

#### **Gjald fyrir akstursþjónustu**

Um gjald akstursþjónustu skv. reglum þessum vísast til gildandi gjaldskrár akstursþjónustu fyrir fatlað fólk á starfsvæði Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. Aðstoðarmaður þjónustunotanda greiðir sama gjald og þjónustunotandi nema ef þjónustunotandi er barn, þá greiðir aðstoðarmaður ekki fyrir ferðir.

#### **9. gr.**

#### **Ökumaður akstursþjónustu**

Ökumaður sem veitir akstursþjónustu skal leggja fram sérstakt sakavottorð eða heimild veitt af hans hálfu til öflunar sérstaks sakavottorðs og upplýsinga úr sakaskrá. Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar þjónustu við fatlað fólk sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

#### **10. gr.**

#### **Endurskoðun akstursþjónustu**

Félagsþjónustu er heimilt að endurskoða ákvörðun um akstursþjónustu þjónustunotanda ef aðstæður/þarfir breytast hjá þjónustunotandanum eða réttur til akstursþjónustu breytist. Þjónustunotanda skal þá tilkynnt um meðferð slíks máls í samræmi við ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og honum veittur andmælaréttur. Félagsþjónusta skal upplýsa umsækjanda um það með tveggja mánaða fyrirvara þegar ákvörðun um veitingu akstursþjónustu fellur úr gildi.

#### **11. gr.**

#### **Áfrýjun ákvörðunar um höfnun akstursþjónustu og kæruleiðir**

Sé umsókn um akstursþjónustu hafnað að heild eða að hluta er umsækjanda heimilt að áfrýja ákvörðun til stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs., ef meðferðarfundur félagsþjónustu hefur tekið ákvörðunina, innan 4 vikna frá því að umsækjanda var kynnt um ákvörðun.

Ákvörðunum skv. reglum þessum er unnt að skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að tilkynning barst umsækjanda um endanlega ákvörðun.

**12. gr.**

**Um endurskoðun og gildistöku**

Reglur þessar skulu almennt endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Reglur þessar tóku gildi þann 30.mars 2024 og gilda um þær umsóknir um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk sem berast eftir þann tíma.

Samþ. 4 apríl Hvollsvelli

Samþ. 20 mars Ásahrepp

Samþ. 3. Apríl Skaftárhrepp

Samþ. 13 mars Hella

Samþ. 24.apríl Mýrdalshreppur